

Námskrá fyrir 6. bekk

Öll kennsla grundvallast á stefnumörkun í
Aðalnámskrá grunnskóla

Íslenska

Meginmarkmið

Að nemendur

- nái góðu valdi á lestri bæði upphátt og í hljóði og æfist í að hlusta á aðra
- þjálfist í undirstöðuatriðum í málfræði
- geti tjáð sig munnlega og skriflega á góðri íslensku
- tileinki sér stafsetningarreglur og geti beitt þeim við ritun texta
- kynnist íslenskum bókmenntum frá ýmsum tímum bæði í bundnu og óbundnu máli
- geti aflað sér heimilda á bókasafni og notað tölvur
- kunnist að nota orðabækur og aðrar handbækur
- geti tileinkað sér munnleg og skrifleg fyrirmæli
- vinni verkefni sín af vandvirkni og snyrtimennsku.

Námsmat

Vinna nemenda er metin með símati og lokamati. Símatið er unnið yfir veturinn og fylgjast kennarar með vinnubrögðum, afköstum og árangri nemenda. Kannanir eru lagðar fyrir af og til. Lokamat er byggt á símati og könnunum.

Lestrarstefna Fossvogsskóla

Áherslur í kennslu

Lögð er áhersla á að auka almenna lestrarfærni. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum er lesskilningur eflur og unnið er jafnhliða með lestur og ritun.

Í lestrarkennslunni er lögð áhersla á að koma til móts við þarfir hvers og eins og að nemendur fái verkefni við hæfi.

Nemendur velja sér lesefni fyrir yndislestur af bókasafni skólans eða koma með bækur að heiman.

Hlutverk heimilis

Mikilvægt er að foreldrar taki þátt í lestrarnámi barna sinna með því að hvetja þau

til að lesa og gefi sér tíma til að ræða innihald textans og útskýra erfið orð.

Námsmat

Orðarún

Lesskilningspróf sem umsjónarkennari leggur fyrir.

Raddlestrarpróf

Allir nemendur taka raddlestrarpróf tvisvar til þrisvar sinnum á skólaárinu þ.e. í september, janúar og apríl. Almenn viðmið er yfir 200 atkvæði á mínútu að vori.

Talað mál og hlustun

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og sagt skipulega frá
- taki virkan þátt í samræðum, æfi virka hlustun og virði viðeigandi reglur
- geti tileinkað sér fyrirmæli og farið eftir þeim
- læri að bera virðingu fyrir móðurmáli sínu og annarra.

Efnisþættir

- Hlustun
- tjáning
- upplestur.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Rauðkápa* og *Ljóðspor*, *Bróðir minn Ljónshjarta* og orðskýringar auk annarra verkefna, s.s. í samfélagsgreinum og náttúruvísindum.

.

Leiðir

Nemendur eru þjálfaðir í að lesa skýrt og áheyrilega og mikil áhersla lögð á að þeir lesi sögubækur til að auka orðaforða og þjálfra lestrarhraða. Valdir eru kaflar úr hinum ýmsu bókmenntaverkum. Fjallað er um efni kaflanna, boðskap þeirra, höfunda og farið í orðaskýringar. Nemendur læra ljóð og vísur til söngs og annars munnlegs flutnings og leysa verkefni í vinnubók.

Nemendur eru þjálfaðir í að tjá hugsanir sínar skriflega og munnlega m.a. með því að gera útdrætti.

Lestur og bókmenntir

Markmið

Að nemendur

- geti lesið mismunandi texta sér til gagns og gamans og nýtt á ýmsan hátt
- geti lesið áheyrilega fyrir aðra
- geti lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- hafi kynnst bókmenntatextum af ýmsu tagi bæði í bundnu og óbundnu máli og geti túlkað þá
- geti nýtt sér ritaðar, tölulegar og myndrænar heimildir
- geri sér grein fyrir mikilvægi margþættrar lestrarkunnáttu
- kunni að meta íslenskan menningararf og menningu annarra þjóða.

Efnisþættir

- Heimildavinna
- hlustun
- orðabókanotkun
- réttitun
- skriftarþjálfun
- textagerð
- tjáning
- upplestur
- verkefnavinna
- hugtakavinna.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Rauðkápa* og *Ljóðspor* auk ýmissa annarra námsgagna.

Leiðir

Stefnt er að aukinni lestrarfærni og áhersla lögð á að auka orðaforða og efla lesskilning. Reynt er að hafa fjölbreytt úrval texta til þess að víkka sjóndeildarhring nemenda. Til þess að ná þessum markmiðum lesa nemendur sögur og ljóð eftir íslenska og erlenda höfundu og auk þess þjóðsögur, ævintýri og þýddar sögur og vinna verkefni. Nemendur eru hvattir til að lesa frjálst til að örva málkennd sína, auka orðaforða og lestrarhraða sbr. yndislestur.

Ritun

Markmið

Að nemendur

- geti tjáð sig í rituðu máli og skrifað texta af ýmsu tagi
- tileinki sér skipuleg vinnubrögð við samningu ritsmíða
- hafi vald á réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- hafi tileinkað sér persónulega rithönd og náð eðlilegum skriftarhraða og skilað snyrtilega unnum verkefnum.

Efnispættir

- Að fylgja ritunarramma
- orðabókanotkun
- réttritun
- skriftarþjálfun
- textagerð
- tjáning
- verkefnavinna
- vinna með hugtök.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Rauðkápa*, *Ljóðspor*, *Mál í mótun*, *Málrækt 2*, *Skræða 2*, auk námsbóka í samfélagsgreinum og náttúruvísindum.

Leiðir

Nemendur eru hvattir til að semja texta, bæði sögur og ljóð, þar sem þeir byggja á eigin hugarheimi eða á einhverju sem átt hefur sér stað í raunveruleikanum. Einnig skrifa þeir stuttar ritgerðir sem tengjast bæði samfélagsfræði og bókmenntum og þurfa þá stundum að afla sér heimilda t.d. á skólasafninu. Lögð er áhersla á vandaða vinnu nemenda varðandi uppsetningu og frágang. Til þess að æfa réttritun skrifa nemendur upp eftir réttum texta, eftir upplestri og vinna eyðufyllingarverkefni.

Nemendur læra réttritunarreglur og er kennt að nota orðabækur. Mikilvægt er að nemendur geti tileinkað sér munnleg og skrifleg fyrirmæli.

Málfræði / Stafsetning

Markmið

Að nemendur

- hafi gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og ríkulegan orðaforða
- geti nýtt sér málfræðikunnáttu sína jafnt í talmáli sem ritmáli
- kunni stafrófið og geti nýtt sér það
- þekki einkenni helstu orðflokka og geti nýtt sér þau.

Efnisþættir

- Heimildavinna
- orðabókanotkun
- réttritun
- verkefnavinna
- vinna með hugtök.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Mál í mótun, Málrækt 2, Skræða 2, Stafsetning (Ritreglur og æfingar)* auk annarra verkefna.

Leiðir

Kennd eru atriði eins og orðflokkar og helstu einkenni þeirra, s.s.fallbeyging, kyn, tala, stigbreyting, nafnháttur, nútíð og þátíð. Farið er í mismunandi hlutverk orða í texta og unnin ýmis þjálfunarverkefni sem tengjast móðurmálinu. Farið er yfir undirstöðureglur í ritun íslensks máls, upplestur og æfingar.

Stærðfræði

Markmið

Að nemendur

- nái góðu valdi á undirstöðuatriðum stærðfræðinnar, efli getu sína til frekara stærðfræðináms og læri að nota stærðfræði í daglegu lífi
- fáist við stærðfræðileg hugtök, læri að nota táknmál stærðfræðinnar og byggi upp sína eigin þekkingu
- efli vitsmunaproska sinn með skipulegri og skapandi hugsun á sviðum sem tengjast stærðfræði
- læri að takast á við margvísleg verkefni og þrautir og beiti fjölbreyttum aðferðum við lausnaleit
- geti tjáð sig um aðferðir sínar og lausnir í töluðu máli og rituðu og verði læsir á texta sem felur í sér stærðfræðileg tákni og hugtök

- Þjálfist í notkun vasareikna og annarra hjálpartækja.

Námsmat

Vinna nemenda er metin með símati og lokamati. Símatið er unnið yfir veturinn og fylgjast kennarar með vinnubrögðum, afköstum og árangri nemenda. Kannanir eru lagðar fyrir af og til. Lokamat er byggt á símati og könnunum.

Efnisþættir

- **Tölur og reikningur**

Tugakerfið, námundun, hugareikningur, samlagning, frádráttur, negatífar tölur, framtölur, margföldun, deiling.

- **Líkur**

Tilraunir og mögulegar útkomur, líkur í spilum og daglegu lífi.

- **Tugabrot**

Talnalína, talnamynstur, tölur og tölustafir, námundun, slumpreikningur, samlagning, frádráttur, margföldun, vasareiknir.

- **Rúmfræði**

Þrívídd, tvívídd, flatarmál, rúmmál, lögun hyrninga og heiti þeirra, mælingar.

- **Almenn brot**

Samlagning, frádráttur, ósamnefnd brot, margföldun, prósentur.

- **Margföldun og deiling**

Hefðbundnar aðferðir og vasareiknir.

- **Hnitakerfi og hlutföll**

Fjarlægðir, speglun, staðsetning punkta, hlutfallareikningur, mælikvarði, vegalengd og hraði, uppskriftir, blöndur, erlendir peningar.

Námsgögn

Stika 2A og 2B, nemendabók og æfingahefti, ásamt öðru efni á vefnum.

Leiðir

Kennsla fer fram sem einstaklings- og hópavinna. Nýtt efni er lagt inn og fjallað um það og vinna nemendur verkefni í bókum sínum í framhaldi af því. Lögð er áhersla á stærðfræðiumræðu þannig að nemendur þjálfist í prófa lausnleiðir og setja fram tillögur að lausn. Sömuleiðis er lögð áhersla á skipulega uppsetningu úrlausnarefna og vönduð vinnubrögð. Leitast er við að tengja stærðfræði við daglegt líf. Auk þess er lögð áhersla á að nemendur vinni saman við úrlausn verkefna og að þeir öðlist leikni í greininni m .a. með aðstoð spila.

Danska

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð sig munnlega á einfaldan hátt
- verði færir um að skilja einfalt danskt talmál
- geti skrifað einfaldar setningar
- hafi fengið nokkra kynningu á dönsku þjóðfélagi, menningu og siðum
- geti nýtt sér tölvutækni til þess að auka kunnáttu sína í málinu.

Námsmat

Metinn er áhugi og virkni í tímum, vinnubók og önnur verkefni.

Markmið

Að nemendur

- geti lesið og hlustað á léttan texta, skilið hann og tileinkað sér þann orðaforða sem námsefnið byggir á
- kunni nokkur skil á norrænni samvinnu og gildi hennar fyrir Norðurlandapjóðirnar.

Efnisþættir

- Hlustun
- talmálsæfingar
- textalestur.

Námsgögn

Spil, veraldarvefurinn og ýmis verkefni, geisladiskar og mynddiskar

Leiðir

Hlustunar- og áhorfsefni á geisladiskum og mynddiskum. Notuð eru spil sem æfa orðaforða og samtöl, gagnvirk tölvuverkefni þar sem unnið er með efni á fjölbreyttan hátt í samræmi við efni og markmið.

Enska

Markmið

Að nemendur

- þjálfast í að skilja einfalt mál, efni af diskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með
- geti hlustað eftir aðalatriðum
- þjálfast í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni og lestexta
- skilji texta af margvíslegri gerð s.s. sögur, upplýsingar og fræðsluefni
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega og skipulega stutta texta um kunnugleg efni
- þjálfast í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefninu.

Námsmat

Virkni og ástundun er metin jafnóðum. Kannanir eru lagðar fyrir reglulega yfir veturinn.

Efnisþættir

- Hlustun
- tjáning
- lesskilningur
- framburður
- upplestur
- unnið með orðaforða
- stafsetning
- textagerð
- verkefnavinna
- málfræði
- frjáls lestur.

Námsefni

Listen first þematengd verkefnablöð, *Topic books* textabækur ásamt vinnuhefti, *Build up 1* vinnubók. Einnig eru notaðar frjálslestarbækur, myndbönd og fjölritað efni, s.s. söngtextar, krossgátur, þrautir o.fl.

Leiðir

Til að þjálfra skilning og talmál betur fáum við erlenda kennaranema. Auk þess er notað hlustunarefni sem hefur að geyma talað mál og söngva. Framburður og leikni eru æfð með hlutverkaleikjum og fyrirspurnum. Notuð eru spil og stöðvavinna til að æfa orðaforða og samtöl.

Ritun og stafsetning er þjálfuð með einföldum skriflegum verkefnum bæði í vinnubók og í verkefnabók. Lesskilningur er æfður allt frá upphafi. Nemendur velja sér frjálslestrarbækur, lesa og leysa verkefni úr þeim.

Heimilisfræði

Markmið

Að nemendur

- þekki helstu næringarefni í algengustu fæðutegundum
- geri sér grein fyrir því að neysluvenjur og lífshættir hafa áhrif á heilsuna
- geti með hjálp fæðuhrings valið sér holla fæðu (morgunmat, nesti og léttar máltíðir)
- geri sér grein fyrir því hvers vegna hreinlæti er mikilvægt við meðferð matvæla
- þjálfist í einföldum aðferðum í matreiðslu og góðum vinnubrögðum
- geti vegið og mælt af nákvæmni
- þekki algengustu áhöld og tæki og geta notað þau rétt
- geti haldið hreinu vinnusvæði, áhöldum og tækjum
- virði eldhúsreglur.

Námsmat

Símat á virkni og vinnusemi auk mats á verklegum og skriflegum þáttum.

Efnisþættir

Mikilvægi og tengsl hollrar fæðu og heilbrigðis, hreinlæti við eldhússtörfín, frágangur að verki loknu, fæðuflokkarnir og uppruni fæðuefnanna, vinna með næringartöflur og samsetning hollrar fæðu, mál og vog, að margfalda og minnka uppskriftir, að vera meðvitaður neytandi, umhverfisvernd, endurvinnsla, vörugæði, verðskyn, orkusparnaður, eldhúsreglur og borðsiðir.

Námsgögn

Gott og gagnlegt, heimilisfræði fyrir 6. bekk, grunnbók og vinnubók.

Leiðir

Unnið er með næringartöflur og hlutverk næringarefnanna. Verklegur þáttur námsins vegur þyngra en hjá yngri nemendum. Nemendur vinna skrifleg einstaklingsverkefni. Nemendur skoða myndbönd. Verklegi hlutinn er unninn í hópum, tveir eða fleiri nemendur saman, eftir eðli verkefnisins. Nemendur elda bæði einfalda fisk- og kjötrétti svo og rétti úr eggjum og mjólk. Nemendur fá að reyna flestar aðferðir við bakstur, þ.e. þeyta, hnoða og hræra bæði gerbrauð og kökur.

Íþróttir

Meginmarkmið

Að nemendur

- efli þol og þrek og læri rétta líkamsbeitingu
- efli sjálfstraust og félagsfærni nemenda
- læri reglur í hinum ýmsum íþróttagreinum
- læri reglur sem eru viðhafðar í leikfimisal og búningsklefa
- læri að umgangast líkama sinn af virðingu
- læri að umgangast aðra af virðingu.

Námsmat

Metið er ástundun, áhugi, hegðun og virkni og reglulega fer fram sjálfsmat.

Markmið

Að nemendur

- efli líkamlegan þroska og afkastagetu
- efli líkamsvitund, fræðist um heilsusamlegt lífni og helstu vöðvaheiti
- þroski hæfileika sinn til tjáningar og sköpunar
- öðlist og efli hjá sér félagsþroska og samskiptahæfni
- fái aukið sjálfstraust og viljastyrk
- læri rétta líkamsbeitingu
- auki þor, kraft, liðleika og áræði
- kynnist sem flestum íþróttagreinum og finni hreyfingu við hæfi.

Efnisþættir

Smáleikir – hreyfitjáning – grunnþjálfun – boltaleikir – fimleikar – spaðaíþróttir – frjálsar íþróttir – heilsuvernd.

Námsgögn

Íþróttasalur með föstum áhöldum: mörk, körfur, rimlar, fimleikahringir og kaðlar.

Ýmsar tegundir af boltum: fót-, körfu-, hand-, blak-, skot-, tennis- og bandýboltar, golfboltar.

Dýnur, hestar, kubbar, stökkbretti, trampólin, badmintonspaðar, mini- tennisspaðar, teppaflísar, plastkeilur, sippubönd, húllahringir, spilastokkur, hjólabretti, dósastultur, hopp-boltar, baunapokar, blöðrur, frisbee-diskar úr svampi, gúmmíhringir, bandýsett, græjur með geislaspilara.

Leiðir

Bein kennsla, sýnikennsla, sköpun, leikir, hreyfing, tónlist, þrautalausnir, hópvinna, sjálfstæð vinna. Reynt er að skapa jákvætt og skemmtilegt andrúmsloft í hópnum.

Lífsleikni /Heimspeki

Markmið

Að nemendur

- skoði viðhorf sín í samskiptum og efli leikni sína við að koma jafnt fram við alla
- öðlist skilning á mannréttindum með því að rækta með sér samkennd og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra
- þroski með sér borgaravitund og séu færir um að vera ábyrgir þátttakendur í samfélaginu og geti mótað og bætt umhverfi sitt með lýðræðislegum aðferðum, umræðum og virkri hlustun
- þjálfist í að hlusta hver á annan, flytja mál sín og skiptast á skoðunum og læri að gagnrýna á uppbyggilegan hátt og færa rök fyrir sínu máli
- styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi, m. a. með því að taka afstöðu gegn neyslu fíkniefna og annarra vímuefna
- að nemendur viti að hver og einn hefur persónuleg og tilfinningaleg mörk sem hægt er að ganga of nærri með neikvæðum áreitum
- geti í samvinnu við aðra komið sér saman um leikreglur þar sem jafnréttis er gætt
- skilji gildi þess að leysa ágreining á friðsamlegan hátt
- átti sig á skyldum, þörfum og hlutverkum hvers og eins og hvernig þessir þættir spila saman í lífi og starfi
- fjalli um ýmsa þætti fjölmenningsfélagsins með heimspekilegum hætti

- öðlist hæfni í að skilgreina hugtök og vinna með þau s.s. dauðasyndirnar sjö, (ágirnd, ofát, græðgi, leti, reiði, öfund, hroki).

Leiðir

Stuðst við eftirfarandi bækur „*Eru allir öðruvísi? – Fjölmennning og heimspeki. „Hugrún“-Heimspeki með börnum – vinnubók.*, „68 æfingar í heimspeki“ og „*Hvað heldur þú? – um gagnrýna hugsun.* Myndbönd notuð við kennsluna, svo og munu nemendur nota spjaldtölvur til að vinna að sérstökum verkefnum. Nemendur taka þátt í umræðum og hópavinnu s.s. framsögn, leikrænni tjáningu og bekkjarfundum, þar sem þeir leysa ýmis verkefni sem stuðla að bættum samskiptum og betri líðan einstaklingsins og hópsins.

Myndmennt

Markmið

Að nemendur

- fái útrás fyrir sköpunarþörf og sköpunargleði
- fái aukna möguleika á að skilja og njóta myndlistar
- kynnist hugtökum sem tengjast greininni og tengi við aðrar námsgreinar, t.d. grunnform, speglun, hliðrun o.s.frv.
- fái tækifæri til að ræða um listsköpun, bæði eigin og annarra (þjálfa gagnrýna hugsun)
- kynnist og noti mismunandi efnivið
- temji sér vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Námsmatið byggist á símati þar sem virkni, vinnubrögð, frágangur og hegðun er notuð sem grundvöllur fyrir lokaumsögn. Auk þess eru einstök verkefni metin.

Efnisþættir

- Tólf lita litahringur
- málun
- grafík
- leirmótun
- teikning
- myndbygging
- kynning á listamanni.

Námsgögn

Blýantur, pappír, karton, þekjultitir, vatnslitir, vaxlitir, túss, jarðleir, grafíklitir og áhöld, einnig annað sem tilheyrir verkefnunum hverju sinni.

Leiðir

Verkefni útskýrð og vinnubrögð kynnt ásamt listamanni sem þekktur er fyrir að nota viðkomandi vinnubrögð. Síðan tekur við einstaklings- eða hópvinna. Nemendur bera ábyrgð á vinnu sinni og verða því að fylgjast vel með. Stuðlað er að jákvæðu andrúmslofti í tímum, nemendur eru hvattir til sjálfstæðrar sköpunar og reynt að byggja upp hjá þeim jákvæða gagnrýni jafnt á eigin verk sem og annarra. Nemendur safna verkefnum sínum í möppu sem þeir fá heim með sér í lok annar.

Náttúrufræði og umhverfismennt

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að bera virðingu fyrir náttúru og umhverfi
- kynnist náttúruvísindum og tækni af ýmsu tagi
- skilji, virði og þekki umhverfi sitt og náttúru
- öðlist ábyrgðarkennd gagnvart náttúrunni og umhverfi sínu
- skilji tilgang með flokkun sorps, endurnýtingu og orkusparnaði
- þjálfí ályktunarhæfni sína með þátttöku í almennum umræðum
- sýni áhuga og frumkvæði við öflun þekkingar á ýmsum viðfangsefnum.

Námsmat

Símat er mikilvægur þáttur námsmats. Kannanir eru lagðar fyrir og vinnuumsagnir gefnar.

Efnisþættir

- Sól, jörð og tungl – sólkerfið, tímatal, tunglið, sól og veður
- jörðin og landið okkar –myndun Íslands, jarðskjálftar,eldgos
- hafið og ytri öfl
- lofthjúpurinn og veðrið
- loftslag á Íslandi
- dagleg umgengni í nánasta umhverfi
- sorpflokkun og endurvinnsla
- virðing fyrir náttúru og umhverfi

- lífríkið í nánasta umhverfi
- geitungar
- líf í náttúrulegri tjörn
- vatnasvið Fossvogstjarna
- lífsferill vatnadýra, einkum hornsíla.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Auðvitað- jörð í alheimi*, *Geitungar á Íslandi*, *Líf í fersku vatni*, *Hornsíli*, *Alfræði unga fólksins* ásamt fleiri bókum, upplýsingar af veraldarvefnum, myndbönd og annað námsefni sem til fellur.

Leiðir

Lestur, umræður, úrvinnsla, tilraunir og vettvangsferðir þar sem samþætting greina höfð að leiðarljósi. Flokkun á pappír og lífrænum úrgangi, hreinsun skólalóðar og útikennsla. Myndbönd skoðuð og ýmsar upplýsingar af veraldarvefnum nýttar til kennslunnar.

Samfélagsfræði

Markmið

Að

- auka skilning og þekkingu nemenda á Íslandi og Norðurlöndum
- efla þekkingu og skilning á sögu þjóðanna og landsháttum
- nemendur kynnist lifnaðarháttum, atvinnuvegum og menningu þjóðanna
- nemendur geti nýtt sér ýmiss konar birtingarform, s.s. munnlegar frásagnir, kennslubækur, handbækur og ýmiss konar margmiðlunarefni
- nemendur geti unnið sjálfstætt að verkefnum bæði samkvæmt fyrirmælum og að eigin frumkvæði
- nemendur verði færir um að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti.

Námsmat

Vinna nemenda er metin með símati og lokamati. Símatið er unnið yfir veturinn og fylgjast kennarar með vinnubrögðum, afköstum og árangri nemenda. Lokamat er byggt á símati og könnunum.

Íslandssaga

Markmið

Að nemendur

- kynnist sögu Íslands á miðöldum
- fái innsýn í sögu Íslands á Sturlungaöld og tengsl Íslands við nágrannalönd
- öðlist skilning á ýmsum þátttakendum sögunnar, einstaklingum, þjóðum, fjölskyldugerð, heimabyggð og samfélagi.

Efnisþættir

Fjallað er um Sturlungaöld með aðaláherslu á Snorra Sturluson.

Námsefni

Sögueyjan 1, Snorra saga og Snorri Sturluson og mannlíf á miðöldum, Gásagátan.

Leiðir

Umræður, verkefnavinna og leikræn tjáning.

Landfræði

Markmið

Að nemendur

- fræðist um Norðurlönd
- öðlist skilning á landfræðilegum hugtökum og geti notað þau
- læri að nota sér margs konar landfræðilegar upplýsingar
- kunni að lesa og túlka kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn.

Efnisþættir

Fjallað er um Norðurlönd, mannlíf, atvinnuhætti, gróður, dýralíf, legu og landslag.

Námsgögn

Kennslubókin *Norðurlönd* ásamt verkefnum, landakortum og kortabókum.

Leiðir

Umræður og verkefni eru unnin einstaklingslega og í hópum. Nemendur vinna m.a. við gerð og lestur korta og afla sér upplýsinga um löndin á veraldarvefnum.

Námsmat

Vinna nemenda er metin með símati og lokamati. Símatið er unnið yfir veturinn og fylgjast kennarar með vinnubrögðum, afköstum og árangri nemenda. Lokamat er byggt á símati og könnunum.

Sund

Markmið:

Nemendur eru að æfa fyrir ákveðið sundstig og miðast kennslan við hvaða sundstig hver og einn er að taka. Mikil áhersla er lögð á að ná góðri og réttri tækni og að sund sé skemmtileg og góð alhliða hreyfing. Nemendur fá einnig að kynnst ýmsum leikjum í vatni og læra af leik. Kennsla fer fram í innilauginni í Laugardalnum sem er 25 m laug, en yngstu nemendurnir fá minna svæði. Nemendur þurfa sjálfir að koma með sundgleraugu ef þeir vilja nota þau við námið.

Námsmarkmið

Að nemendur

- viðhaldi og bæti útfærslu hreyfinga í bringusundi, baksundi, skriðsundi, skólabaksundi og kafsundi ásamt fótatökum og armtökum í flugsundi.
- læri helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni.
- þjálfist í samvinnu og sýni tillitsemi gagnvart öðrum nemendum og kennara.

Hæfniviðmið

- 200 metra viðstöðulaust bringusund synt á 10 mín
- 25 metra bringusund undir 35 sekúndum
- 25 metra skólabaksund
- 25 metra skriðsund
- 25 metra baksund
- 15 metra björgunarsund með jafningja
- stunga af bakka
- 8 metra kafsund
- kafað eftir hlut

Námsmat

Það sem metið er

- hegðun og framkoma (við starfsfólk sem og gesti sundlaugar)
- sundstigin
- umgengni á sundstað bæði ofan í lauginni og einnig búningsklefum og biðstofu
- virkni og áhugi í tímum.

Textílmennt

Markmið

Að

- vekja áhuga og skilning nemenda á handverki og verkmenningu
- örva sköpunargleði og vekja forvitni á greininni og möguleikum hennar til sköpunar
- nemendur þjálfist í að vinna með eigið hugmyndaflug og þroska persónulegan tjáningarmáta
- örva sjálfstæði nemenda í lita- og efnisvali
- nemendur þjálfist í að nota hugtök og heiti textílgreinarinnar
- nemendur geti þrjónað, fellt af og gengið frá eigin þrjónaverkefni
- nemendur læri á saumavél og geti nýtt sér hana við vinnu
- nemendur læri einfalt hekl
- nemendur geri sér grein fyrir hvernig hugmynd verður að hlut
- nemendur geti unnið eftir fyrirmælum kennara.

Námsmat

Metin er geta og kunnátta nemenda, ástundun, áhugi, vandvirkni og framfarir.

Efnisþættir

- Mynsturgetð
- tauprykk
- vélsaumur
- útsaumur
- þrjón
- hekl
- þæfing.

Námsgögn

Garn, þrjónar, nálar, tölur, saumavélar, ull, efni, áhöld fyrir tauprykk, þæfingu og fleira sem tilheyrir greininni.

Leiðir

Einstaklingskennsla, hópkenndsla og verkleg vinna eftir því sem við á hverju sinni.

Trúarbragðafræði

Markmið

Að

- auka skilning nemenda á kristinni trú og ýmsum öðrum trúarbrögðum
- efla trúarlegan, siðferðilegan og félagslegan þroska nemenda
- nemendur öðlist aukna þekkingu og skilning á ólíkum menningar- og trúarhefðum
- nemendur öðlist þekkingu á Hindúatrú
- nemendur öðlist þekkingu á kenningum Búddha
- nemendur temji sér umburðarlyndi og virðingu fyrir rétti manna til mismunandi trúar- og lífsskoðana
- nemendur geri sér grein fyrir réttindum sínum, skyldum og ábyrgð í samskiptum við aðra og samfélagið í heild
- nemendur temji sér virðingu fyrir náttúrunni og ábyrgð gagnvart öllu lífi og umhverfi.

Námsmat

Vinna nemenda er metin og lokamat byggist á því mati og lokakönnun.

Efnisþættir

Fjallað er um venjur, hátíðir og helgisiði í Hindúa – og Búddhatrú.

Námsgögn

Kennslubækurnar *Hindúatrú- Guð í mörgum myndum* og *Búddhatrú – leiðin til Nirvana*.

Leiðir

Kennt er í lotum, efnið er rætt og unnið á skapandi hátt. Listaverk og myndbönd skoðuð.

Hönnun og smíði

Markmið

Að nemendur

- tileinki sér þær öryggisreglur sem gilda í smíðastofunni
- læri að þekkja og nota verkfæri smíðastofunnar og tileinki sér aðgæslu í umgengni við þau
- geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar umgengni um smíðaverkstæðið og tileinki sér verklag í samræmi við það
- læri að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir eigin verkum og annarra
- hugsi um umhverfi sitt og styrkist í að móta eigin hugmyndir í efni
- átti sig á gildi handverks, tækniþekkingar og hönnunar fyrir daglegt líf
- geri sér grein fyrir að samhengi er á milli góðrar umgengni og öryggisþátta
- teikni eigin hugmyndir að smíðisgripum sínum og útfæri í heppilegt efni. Áhersla lögð á yfirborðsvinnu við gripina.
- vinni með plast og læri að nota algengustu plastsmíðaverkfæri.

Áhersla á frumkvæði og sköpun og að nemendur leysi sjálfir verkefni á eigin forsendum,

læri að nota ólík efni og áhöld og vinni sjálfstætt.

Námsgögn og leiðir

Unnið er með ýmist plastefni og eða tré, nemendur hanna eða leita sér hugmynda að dagatali í bókum eða á veraldarvefnum.

Nemendahópurinn vinnur sameiginlega að því að búa til bók í *Book Creator* þar sem hver og einn nemandi tekur ljósmynd af vinnuteikningu sinni eða þeirri hugmynd er hann hyggst fylgja eftir í dagatalsvinnu sinni. Í lokin tekur nemandi mynd af sínu eigin dagatali og setur inn í sína síðu í sameiginlegri bók hópsins í *Book Creator*.

Áður en farið er í hönnunarvinnu er farið sameiginlega yfir það sem verið er að mæla með dagatali og klukkum, skoðuð myndbönd af *Youtube.com* sem og bækur er fjalla um gang himintunglanna. Fremst í dagatalsbók nemandans er þeim upplýsingum safnað saman.

Samvinnuverkefni nemanda er að taka þessar upplýsingar saman á þar til gerðar krítartöflur þ.e. vinna veggspjald með skýringarmyndum.

Verkefnið reynir á mismunandi þætti eins og frumkvæði, sköpun, sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni.

Námsmat

Símat sem felur í sér að kennari metur tvisvar á önn fjóra þætti í verklagi nemanda:

- hugmyndaauðgi og hönnun
- umgengni og hegðun
- verkfærni og vandvirkni
- iðni og afköst.

Lokaafurð metin felur í sér að kennari metur verkefni nemandans með því að spjalla við hann um fyrrgreind atrið og með því að leggja mat á vinnuskýrslur hans í sambandi við verkefni annarinnar. Í vinnuskýrslum vetrarins metur nemandinn sjálfur þau atriði sem talin eru upp hér að ofan, skilar inn teikningu og verklýsingu af verkefnum annarinnar og metur endanlega niðurstöðu/útkomu þeirra.

Upplýsinga- og tæknimennt

Tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningarlæsi

Meginmarkmið í 5.-7. bekk

- Að gera nemendur eins vel læsa í víðum skilningi og kostur er, bæði á texta og töluleg gögn, þjálfar nemendur í gagnrýnni hugsun og tryggja grunnþekkingu á sviði tæknifærni og miðlunar
- að líta á upplýsinga – og tæknimennt sem eitt námssvið í þverfaglegri samvinnu við önnur námssvið eða – greinar.

Námsmat

Námsmat er í formi símats. Lagt er mat á vinnu og áhuga nemanda í kennslustund. Umsögn er gefin um stöðu hans og hæfni við að ná settum markmiðum innan námsgreinarinnar.

Tæknilæsi

Markmið

Að nemandi

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunnar
- þjálfist í að nota rétta fingrasetningu og líkamsbeitingu
- venjist upplýsingatækni og tölvunotkun sem eðlilegum þætti náms
- þjálfist í notkun ritvinnsluforritsins *Word, Excel, Power Point, Publisher* o.fl. forritum
- geti skrifað texta í ritvinnslu og sett inn myndir

- kynnist kennsluforritum
- geti notað tölvu til að semja eigið efni
- kunni að vista skjöl og ná í skjöl
- þjálfist í því að leita sér upplýsinga á netinu, t.d. með leitarvélinni Google
- geti aflað heimilda og nýtt sér þær á skynsamlegan hátt.

Leiðir

Nemendur vinna í tölvuveri. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu og vinnu að heildstæðum verkefnum og að tengja þau áhugasviði og hæfni hvers og eins.

Upplýsinga – og menningarläsi

Markmið

Að nemandi

- noti skólasafnið reglulega
- geti leitað að fræðsluefni á skólasafninu eftir flokkunarkerfi safnsins (Dewey)
- þjálfist í að leita í helstu handbókum, alfræðiorðabókum og fræðibókum
- viti hvað bókfræðilegar upplýsingar eru
- geri sér grein fyrir safnkosti safnsins
- geri sér grein fyrir mun á skáldritum og fræðiritum
- geri sér grein fyrir ýmsum gerðum handbóka
- átti sig uppröðun íslenskra og erlendra skáldrita
- þekki ýmsar greinar bókmennta
- viti einkenni þjóðsagna; ævintýra og sagna
- temji sér að nota stafrófið við leit skáldrita á safni
- þekki nokkuð vel til helstu íslenskra og erlendra barnabókahöfunda og verka þeirra
- þjálfist í að nota leitar- og útlánskerfi safnsins (Gegnir)
- þekki helstu leitarmöguleika á Netinu
- þjálfist í að finna lykilorð í texta
- læri að nota efnisyfirlit og skrár, s.s. atriðisorðaskrá og nafnaskrá í fræðibókum
- geti unnið að verkefnum úr fræðibókum og lesið einföld kort, gröf og töflur
- geti leitað heimilda í bókum og Neti og unnið úr þeim á skipulegan hátt; það felur í sér að nemandi geti
 - mótað spurningar út frá efni
 - nálgast þau gögn sem þarf að nota
 - aflað heimilda, flokkað, greint og varðveitt heimildir á skipulegan hátt
 - metið upplýsingar með tilliti til áreiðanleika þeirra

- unnið úr upplýsingum og raðað saman efni þannig að efni myndi eina heild
- gert grein fyrir niðurstöðum sínum og skilað á þeim miðlum sem henta
- skráð heimildir
- viti hvað hugtakið höfundaréttur merkir
- taki þátt í lifandi dögum á skólasafni og tilfallandi uppákomum.

Efnisþættir/leiðir

Nemendur í 6. bekk hafa ekki fastan safnkennslutíma í stundatöflu en nýta sér efni safnsins til yndislestrar og upplýsingaleitar við verkefnavinnu. Lögð er áhersla á þverfaglega samvinnu.

Útikennsla

Meginmarkmið

Að nemendur læri að njóta nánasta umhverfis og öðlist virðingu fyrir náttúrunni, þekki skilji og skynji raunveruleikann sem er úti í náttúrunni og tengi við almennt nám, efla þekkingu sína og þjálfu samvinnu, rannsóknarvinnu og læri að afla gagna á vettvangi.

Einnig að nemendur geri sér grein fyrir samspili manns og náttúru og þeim áhrifum sem maðurinn hefur á umhverfi sitt, verði meðvitaðir um skyldur sínar gagnvart umhverfinu, velti fyrir sér umhverfissiðfræði, geri sér grein fyrir hringrásum í náttúrunni og tengi bóklegt nám og þemavinnu nemenda við grenndarsamfélagið.

Markmið

Að nemendur

- kynnist og njóti nánasta umhverfis
- þekki, skilji og skynji raunveruleikann sem er úti í náttúrunni og tengi við almennt nám
- öðlist virðingu fyrir umhverfi sínu og náttúrunni
- efla þekkingu sína og þjálfu vinnulag utan skólastofunnar
- þjálfu samvinnu, rannsóknarvinnu og vinni að öflun gagna á vettvangi
- dragi ályktanir af rannsóknum og skrái niðurstöður
- kynnist söfnum, vinnustöðum, stofnunum og hverfum borgarinnar
- auki líkamlegt þol og þrek.

Efnisþættir/Leiðir

Safnaheimsóknir í tengslum við námsefnið um Snorra Sturluson. Könnun gerð á umgengni við skólann og í nánasta umhverf. Heimsóknir í fyrirtæki, stofnanir og aðra staði sem tengja má við bóklegt nám og þemavinnu eftir því sem tilefni gefst til. Kortalestur æfður í ratleik með því að heimsækja ýmis hverfi borgarinnar. Nemendur vinna ýmis verkefni í tengslum við námsbókina *Auðvitað*. Einfaldar veðurathuganir gerðar, s.s. hitastig, vindátt, úrkoma, skýjafar. Skólalóð hreinsuð að hausti og vori.

Námsmat

Virgni nemenda metin með símati.